



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

6. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 7. febrúar 2023 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Emilía R. Gilbertsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar
Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri
Iða Marsibil, sveitarstjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Umbótaáætlun vegna ytramats leikskóladeildar

Tímaáætlun komin fyrir öll atriði umbótaáætlunar, áætlunin er samþykkt og afgreidd frá skólanefnd.

2. Betri vinnutími leikskóla, fundur með Félagi Leikskólakennara

Stýrihópur um betri vinnutíma í leikskólum á vegum FL og SÍS boðuðu til fundar um betri vinnutíma í leikskólum. Á fundinum var reikniformúla fyrir hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks kynnt með það að markmiði að skoða stöðu leikskólans þegar kemur að styttingu vinnuviku.

3. Skólaþing

Rætt um framkvæmd skólaþings og mögulega ráðgjafa til að aðstoða við framkvæmd þess.

4. Yfirlit yfir stöðu Skólaþjónustunnar

Staða skólaþjónustu Árneshöfða kynnt.

5. Fyrirspurn frá skóla varðandi gjaldtöku í leikskólum og frístund þegar lokað er vegna ófærðar

Fyrirspurnin lögð fram til umræðu. Ákveðið var samhljóða að skólagjöld verði ekki felld niður í leikskóla og frístund þegar lokað er vegna ófærðar. Æskilegt væri að semja verklagsreglur um gjaldtöku þegar lokað er vegna ófærðar.

Næsti fundur Skólanefndar verður haldinn 7. mars 2023, kl.14:15-16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:52.